



# Sólarhringur

## eftir kosningarnar 12. maí

Eftir Guðna Th. Jóhannesson  
Myndir: Ursafni Birtings og 365

**Ú**tvarpshúsið við Efsta-leiti kl. 22:09, laugardaginn 12. maí 2007: Gestir og gangandi geta nánast þreifað á spennunni í loftinu. Fyrstu tölur eru komnar úr fimm kjördæmum af sex í kosningum til Alþingis. Og stórtíðindi virðast í vændum. Ríkisstjórnin er fallin, verði úrslit á þá leið sem talsmenn yfirkjörstjórna hafa þulið hver á fætur öðrum. Sjálfstæðisflokkur fær 24 þingmenn en Framsókn aðeins sjö. Fréttamenn svífa á flokksforingjana. Það er „óljóst hvernig lokaniðurstaðan verður“, tekur Geir H. Haarde fram. Forsætisráðherrann verður þó að viðurkenna að vísendingarnar lofi ekki góðu. Bjartara er yfir formanni

Samfylkingarinnar, flokks sem var beinlínis stofnaður til mótvægis við Sjálfstæðisflokkinn – og til þess að komast í stjórn. „Það eru að opnast hér geysilega spennandi möguleikar“, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Hún setur auðvitað svipaða fyrirvara og Geir og segist munu spyrja að leikslokum. En Ingibjörg Sólrún bætir við að það standi sem áður var rætt um, að stjórnarandstöðuflokkarnir þrír – Samfylking, Vinstri grænir og Frjálslyndir – ræði saman um myndun stjórnar, fái þeir brautargengi. Undir það taka Guðjón Arnar Kristjánsson og Steingrímur J. Sigfússon. „Kaffibandalagið“ sem lagt var á ráðin um núna í vetur virðist geta orðið að veruleika, það er að segja ef fólk treystir sér í samstarf þriggja flokka sem hefði aðeins eins manns meirihluta á þingi.

Hvernig sem fer er ljóst að sjálfstæðismenn og vinstri grænir geta fagnað sigri fyrir sitt leyti en hvað er að koma fyrir Framsókn? Engu breytir þótt fyrstu tölur hafi aðeins komið upp úr kössunum þegar hér er komið sögu: Flokkurinn er án nokkurs vafa að bíða sinn allra versta ósigur. Jón Sigurðsson sem er búinn að vera foringi framsóknarmanna í níu mánuði segir þetta „mikið áfall“ og tekur ekki of djúpt í árinna. „Nú fer forysta og frumkvæði um stjórnarmyndanir til annarra“, bætir hann við og eru menn þegar kannski byrjaðir að plotta? Stjórn málaforingjarnir mæta á kosningavökur hjá sínu fólki og eru líka á það miklum þönum milli viðtala í Útvarpshúsinu og hjá Stöð 2 við Miklubraut að þeim gefst varla tími til mikilla bollallegginga. Á meðan leyfa aðrir sér að spá





# GEIRIN

Foringjarnir biðu átekta eftir fyrstu tölum í sjónvarpssal Ríkisútvarpsins við Efstaleiti.

æðsigri fyrir öður egar ökkigur. forsegjupt um ann aðir ta á líka Útraut ölla-spá

í spilin. „Þetta verður þá við og Samfylkingin,“ segir kunnur sjálfstæðismaður í almenningnum uppi í Efstaleiti.

**„Stjórnin fallin eftir skell Framsóknar“ / Klukkan slær miðnætti. Enn er stjórnin fallin og fyrirsagnirnar á fréttavef Morgunblaðsins kl. 00:06, 00:21 og 00:41 lýsa gleði samfylkingarfólks: „Tvöfaldur sigur“, „Áhersla á velferðarmál skilaði sér“, „Samfylkingin verður í burðarhlutverki“. Sunnudagsmogginn er löngu kominn út, venju samkvæmt, en nú líður að lokaákvörðun á vaktinni hjá Fréttablaðinu. Hverju skal slá upp á forsiðu? Menn ákveða að vera djarfir. „Stjórnin fallin eftir skell Framsóknar“, fullyrðir blaðið í fyrstu 45 þúsund eintökunum sem fara að renna úr prentvélunum upp úr hálfteitt.**

„Dewey Defeats Truman“, tilkynnti Chicago Daily Tribune áður en lokaúrslit í bandarísku forsetakosningunum lágu fyrir árið 1948. En Truman átti þá „comeback“ allra tíma og blaðið varð frægt að endemum. Hefði verið betra hjá þeim á Fréttablaðinu að halda öllu opnu? Áfram líður á nóttina.

Kl. 01:06. Talsmaður yfirkjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi les nýjustu upplýsingar um fylgi flokkanna þar. Um leið og hann lýkur þeirri runu með fjölda atkvæða fyrir Vinstri græna verða umskiptin miklu. Fingurinn á sjónvarpsskjánum sem tákna fall stjórnar eða framhaldslíf – rétt eins og dómur keisarans yfir skyldingaköppum í hringleikahúsum Rómar til forna – vísar allt í einu upp á við. Sjálfstæðisflokkur hefur bætt við sig manni.

Stjórnin lifir!  
En væri kannski réttara að segja að hún lafi? Framsókn er enn í sárum og þótt Jón Sigurðsson fagni því að stjórnarflokkarnir haldi meirihluta lætur hann í það skína að tap síns flokks sé eftir sem áður of miklið. „Við hljótum að víkja til hliðar eftir þetta fylgistap,“ segir Jón á Stöð 2 á öðrum tímanum eftir miðnætti. Þeim fækkar því kostunum sem virðast í boði. „Ef þetta verður niðurstaðan dugar Kaffibandalagið ekki til,“ bendir Ingibjörg Sólrún líka á.  
Og hvað er þá eftir? Geir H. Haarde hlýtur að hafa flest tromp á hendi, segja álitsgjafar um leið og þeir spá og spekulera. Vill hann Samfylkingu frekar en Vinstri græna? Nú eða jafnvel Framsókn, burtséð frá yfirlýsingum Jóns Sigurðssonar. „Geir Haarde getur verið mjög sann-

færandi," bendir einn á.

En áfram heldur hasarinn. Kl. 02:01 koma nýjar tölur úr Suðvesturkjördæmi. „Já," segir Bogi Ágústsson í útsendingu ríkissjónvarpsins. „Það fyrsta sem við getum sagt er að samkvæmt þessum tölum þá er stjórnin fallin aftur!" Og fallin er hún næsta klukkutímamann. En svo, kl. 03:03, berast tíðindi frá Akureyri. Þegar nýj-ustu upplýsingar úr Norðausturkjördæmi liggja fyrir hefur ríkisstjórnin öðlast líf á nýjan leik. Á Stöð 2 er Sigmundur Ernir eins gustmikill og Bogi hafði verið hjá Ríkissjónvarpinu einni stundu áður. Á öldum ljósvakans lýsir Broddi Broddason öllum þessum sviptingum líka. Kosninganóttin ætlar að verða með þeim æsilegri.

Í dagrenningu, um fjögurleytið, stendur stjórnin enn. Þegar liður á morguninn færast þingmenn ýmissa flokka inn og út af þingi en valdahlutföll stjórnar og stjórnarandstöðu breytast ekki. Og loks, kl. 08:49, stígur formaður kjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi í pontu. Lengstan tíma hafði tekið að telja þar, enda umdæmið stórt og sumstaðar erfitt yfirferðar. En lokatölurnar úr Íþróttahúsinu í Borgarnesi breyta engu um líf ríkisstjórnarinnar. Tíu klukkustundum og 49 mínútum eftir að kosningum til Alþingis lauk er ljóst að ríkisstjórnarflokkarnir tveir hafa haldið meirihluta sínum á þingi.

**Sætar stelpur, bóksalar og blogggarar /** Verður þá allt sem fyrr? Afstaða framsóknarmanna virðist skipta mestu og það styrkir þá kenningu sem sumir hafa varpað fram í gamni og alvöru að þingkosningar á Íslandi snúist um það að hver kjósandi greiði atkvæði eftir bestu sannfæringu og Framsókn verði svo í lykilstöðu. En hafði Jón Sigurðsson ekki sagt að flokkur hans yrði utan stjórnar fyrst tap hans var svona mikið? Það er víst misskilningur eins og kemur í ljós þegar liða tekur á daginn.

Þótt talningu sé lokið eru stjórnmalaforingjarnir áfram í kastljósi fjölmiðlanna. Kl. 11:00 á sunnudagsmorgni segir Ríkissjónvarpið frá því að þreifingar séu hafnar um „R-lista stjórn"; samstjórn Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknar. Á Geir H. Haarde er hins vegar að heyra, þar sem hann stendur í sólskininu við heimili sitt í Vesturbænum, að kjósendur hafi veitt Sjálfstæðisflokknum umboð til frekari stjórnarforystu. Hann ætli að ræða við Jón Sigurðsson síðar um daginn, „og hvern svo?" spyr fréttamaður sjónvarps. „Það er ekkert víst að það þurfi fleiri," svarar Geir að bragði. Hann er öruggur í fasi. Hann kann sitt fag.

Í hádegisfréttum Stöðvar 2 er forsætisráðherra enn á sömu skoðun. „Ég tel að Sjálfstæðisflokkurinn hafi unnið stórkostlegan sigur í þessum kosningum og að það sé krafa kjósenda að við verðum áfram í forystu," segir hann. „Ég mun ekki biðjast lausnar, að minnsta kosti ekki að svo stöddu, á meðan við höfum ekki ákveðið annað, og stjórnin situr."

Þannig er staðan þegar spekingarnir hefja upp raust sína í Silfri Egils strax eftir fréttirnar á Stöð 2. „Geir er með öll tromp á hendi," segir Gunnar Smári Egilsson blaðamaður og Hannes Hólmsteinn Gissurarson kinkar kalli. „Það eru allir að reyna að vera sætasta stelpa á ballinu," heldur Gunnar Smári áfram og gefur sér að Samfylkingin sé líklega of stór um sig til að takast það. Aftur á móti gæti forysta Sjálfstæðisflokksins ákveðið að „taka hálfgerðar hækjur með sér", þ.e. Vinstri græna eða Framsókn.

Pétur Tyrfinngsson hefur lengi átt sér draum um sameiningu og valdatöku vinstri manna (með einum eða öðrum hætti). „Það myndi eyðileggja vinstripólitíkina næstu tíu árin," segir hann, ef Samfylking eða Vinstri grænir færu í stjórn með Sjálfstæðisflokknum. Pétur kveðst líka verða að melta það aðeins að framsóknarmenn séu „rassskeltir" en komi svo til vinstri manna, myndi stjórn og ráði öllu. „Velkominn til Íslands," hrekkur þá upp úr Gunnari Smára Egilssyni.

Össur Skarphéðinsson tekur undir með öðrum gestum að Geir H. Haarde sé sigurvegari kosninganna. „Það er hann sem í reynd ræður þessari framvindu." Geir hefði í raun sagt, og það réttlaga: „Boltinn er hjá mér, hann fer ekki til Bessastaða." Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, er vart nefndur á nafn þótt mikið sé bollalagt um möguleg endalok ríkisstjórnarinnar og stjórnarmyndunarviðræður í framhaldi af því. Öðruvísi manni áður brá. Hvað forsetinn vilji er spurning sem heyrir lítt eða ekki.

Össuri verður einnig hugsað til þeirrar leikfléttu sem heppnaðist hjá Davíð Oddssyni strax eftir kosningarnar 1995 þegar hann samdi við Halldór Ásgrímsson, formann Framsóknarflokksins, um stjórnarsamstarf, á sama tíma og þeir alþýðuflokksmenn töldu að stjórn þeirra og Sjálfstæðisflokksins gæti jafnvel haldið velli. „Þess vegna dingluðum við áfram á meðan Sjálfstæðisflokkurinn dilaði og vílaði og myndaði nýja ríkisstjórn," segir Össur. „Ætli Jón Sigurðsson hafi tekið eftir þessum varnaðarorðum fulltrúa „minni flokksins" í samvinnu með „sjöllunum"? En ætti það endilega að skipta einhverju? Árið er 2007 en ekki 1995, myndi einhver segja, og það væri sitthvað, Jón Baldvin og Jón Sig.

Bjarni Harðarson, bóksalinn fjórugi úr Árnæssýslu, stelar svo senunni í Silfrinu. Yfirlýsing eitt: „Ég tel ekki mjög sennilegt að stjórnin sitji áfram við núverandi

aðstæður." Yfirlýsing tvö: „Ég tel meiri grundvöll fyrir vinstri stjórn." Og nú er Bjarni ekki aðeins góður gestur í Silfrinu eins og áður, heldur þingmaður Framsóknarflokksins, þessi eini sem samstarf Framsóknar og Sjálfstæðisflokks ylti á ef svo bæri undir. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er komin í settið, glöð í bragði enda fengu sjálfstæðismenn mest fylgi í hennar kjördæmi. Ekki vantar sjálfstraustið, ekki frekar en þegar hún hóf erindi sitt hjá Sagnfræðingafélaginu fyrir skemmstu með því að lofa félagið fyrir þá djörfung að þora að bjóða ljósku til fræðafundar.

„Eigum við ekki að leyfa fólki að anda aðeins," segir Þorgerður Katrín svo um allar stjórnarmyndunarpælingarnar og minnr Bjarna Harðarson svo á þá staðreynd að núverandi stjórn styðjist við eins manns meirihluta eins og málum er komið, „og eins og þú ert að tala núna; ég veit ekki hvernig á að túlka það öðruvísi heldur en að þú myndir þá ekki styðja slíka stjórn".



Björn Ingi Hrafnsson, helsta vonarstjarna Framsóknar og Óskar Bergsson veltu fyrir sér möguleikum þegar leið á nóttina.

Silfrinu lýkur en blogggarar taka við sér um eftirmiðdaginn. Sá orðrómur ratar á heimasíðu Mannlífs að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur séu „langt komnir með myndun nýrrar ríkisstjórnar og hún gæti jafnvel litið dagsins ljós seinnipartinn í dag". Því myndi framsóknarmaðurinn Pétur Gunnarsson seint trúa. Hann er skýr og skorinorður í færslu sinni, „Hún er búin að vera", sem er komin á Netið strax klukkan eitt: „Spurningin um hvort stjórnin standi eða falli óháð útkomu flokkanna sem hana mynda er tilbúningur fjölmiðla. Hins vegar er það augljóslega Geir H. Haarde í hag að teifa það að forseti Íslands komi inn í dæmið." Rétt fyrir hálftrú segir mbl.is aftur á móti frá því að þeir Geir og Jón Sigurðsson hafi þegar rætt saman. Daginn eftir lesum við í fréttaskýringu Ólafs Þ. Stephensen í Morgunblaðinu að þeir félagarnir hafi hist fyrir hádegis á sunnudeginum og eftir það „byrjaði fólk í innsta kjarna beggja flokka að leggja línur að áframhaldandi samstarfi". Og hver veit nema formaður Sjálfstæðisflokksins hafi nefnt við Jón að treystu framsóknarmenn



sér ekki til frekara samstarfs myndi hann snúa sér til Samfylkingarinnar eða Vinstri grænna. Snör handtök gilda í stjórnarmyndunarviðræðum nú til dags.

Sem fyrr er þetta þó allt á bak við tjöldin. Ólafur Þ. Harðarson sem stóð kosningavaktina alla er aftur kominn á kreik laust fyrir klukkan þrjú og segir þá ómögulegt að slá nokkru föstu nema því að stjórnmalaleiðtogar séu „almennt mjög stjórnsæknir“. Frekari tíðinda er svo beðið og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir slær botninn í aukaréttatíma sjónvarpsins klukkan þrjú þennan sunnudag með því að segja að næst þegar fréttir verði sagðar „fáum við kannski að vita hver hringir í hvern og er að tala saman núna“. Já, einmitt ...

**Hroki og hleypidómar?** / Spennan eykst. Klukkan tifar. Eða eru fjölmiðlarnir bara að blása til storms í vatnsglasi? Áfram er þó bloggað af krafti. „Ný ríkisstjórn – Ný viðreisn“ heita hugleiðingar sjálfstæðismannsins Óla Björns Kárasonar. Hann talar ekki tæpitungu frekar en

Haukssonar á NASA við Austurvöll berast þær fréttir, eins og Fréttablaðið lýsti daginn eftir, að Ögmundur Jónasson hafi mælt þar með minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar, með hlutleysi Framsóknar. Sigurður Á. Friðþjófsson, sem lýsir sjálfum sér sem gömlum sósíalista en miðaldra Hafnarfjarðarkrata nú orðið, vitnar til þess á bloggsíðu sinni að minnihlutaformið sé algengt í Skandinavíu, „t.d. í Svíþjóð þar sem Sossarnir sitja ætíð í skjóli þess að Vensterpartiet ver þá falli þótt sá flokkur eigi ekki aðild að ríkisstjórninni“.

Í kosningunum 1978, þegar A-flokkarnir tveir, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag, fengu yfir 40% atkvæða eins og Samfylking og Vinstri grænir núna, vöknudu einnig hugmyndir af þessu tagi. Þær dofnuðu þó fljótt og sú er einnig raunin í þetta sinn þótt Jón Sigurðsson segi blaðamanni Fréttablaðsins það eitt síðla sunnudagsins að hann telji „ótímabært að tjá sig um möguleika þess að flokkurinn verji slíka stjórn falli“. Svo gerist það reyndar næsta

ir sex – Geir H. Haarde, Jón Sigurðsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón Arnar Kristjánsson og Ómar Ragnarsson – koma á ný saman fyrir framan sjónvarpsmyndavélar Stöðvar 2. Steingrímur gerir strax gys að því að stjórnin haldi bara áfram; „það væri leitun að siglingamálastofnun í heiminum sem gæfi þessu laskaða fleyi haffærnissskírteini“. Frjálslyndir hafa lítt komið við sögu í bollaleggjum dags og nætur en Guðjón Arnar, sem hófst jú til metorða í Sjálfstæðisflokknum, bendir á að þeir gætu rætt það að vinna með núverandi stjórnarflokkum – sem „þriðja hjólið“, hendir Egill Helgason á lofti og Geir H. Haarde bætir við að slík ríkisstjórn líktist þá þriðju hjóli. Þar væri þá að minnsta kosti komið nafn á hana.

Foringjarnir hlæja og skemmta sér; í það minnsta verða sjónvarpsáhorfendur ekki varir við annað. Alvaran er þó aldrei fjarri og Ómar Ragnarsson er ekki að grínast þegar hann tekur fram að Framsókn sé sterkari en margur hyggur því hún geti



Ógmundur Jónasson, Kolbrún Halldórsdóttir og Arni Þór Sigurðsson héldu þókerfeisinu á kosningavöku VG.

Staða Jóns Sigurðssonar formanns Framsóknarflokksins er bágborin eftir kosningarnar.

Pétur Gunnarsson: „Enginn forsætisráðherra er tilbúinn til að vera fangi eins þingmanns eins og Geir Haarde yrði ef samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks yrði framlengt. Geir mun aldrei koma sér í þá stöðu að eiga eitthvað undir vinstrisinnuðum þingmönnum Framsóknar.“ Og svo bætir sagnfræðingurinn Guðmundur Magnússon um betur í pistli sem hann nefnir „Stjórn sigurvegaranna?“ Eftir því sem liðið hefur á daginn hafa líkur á frekara samstarfi stjórnarflokkanna minnkað að mati Guðmundar sem spáir svo fram í tímann: „Eins og mál hafa þróast er ekki ólíklegt að sigurvegarar kosninganna, Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri grænir, geri fljótlega eftir helgina tilraun til að mynda ríkisstjórn.“

Í Silfri Egils í hádeginu hafði Ögmundur Jónasson vakið athygli á þessum kosti eins og öðrum. Það yrðu þá hinar „sögulegu sættir“ frá hægri til vinstri, sem Styrmir Gunnarsson og Björn Bjarnason vöktu máls á í stjórnarkreppunni miklu veturinn 1979-80. En eru þær fyrsti kostur Vinstri grænna? Úr sextugsafmæli Sveins Rúnars

dag að Guðni Ágústsson kallar hugmyndina „háðungartal“ og „dónaskap“. Hún er í raun andvana fædd.

Á svipuðum tíma og Ögmundur Jónasson heldur sína ræðu til heiðurs Sveini Rúnari í gamla Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll sitja þau Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Steingrímur J. Sigfússon að skrafi í Alþingishúsinu. Samstarf við Framsókn er til umræðu en auðvitað eru aðrir möguleikar í stöðunni. Einhvern tímann um þetta leyti setur Ingibjörg Sólrún sig einnig í samband við forystuvert Sjálfstæðisflokksins. Hún ber sig víst ekki nógu vel að, eða það finnst viðmælendunum að minnsta kosti að sögn Morgunblaðsins daginn eftir; formaður Samfylkingarinnar hafi „nálgast flokkinn af hroka, sem væri ekki líklegur til að skapa traust í samskiptum“. Og kannski Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi líka spurt sig eftir á hvað hún sé að gera að reyna að vera sætasta stelpa á ballinu.

**Karlar með þókerfés á þríhjóli?** / Dagur er að kveldi kominn þegar flokksforingjarnir

sem fyrr boðið samstarf til hægri jafnt sem vinstri. Hún er opin í báða enda, var forðum sagt, og Jón Sigurðsson sem man tímana tvenna í sínum flokki rifjar eitt augnablik upp liðna tíma: „Þegar svona umræður áttu sér stað í gamla daga og Ólafur Jóhannesson var nærstaddur, þá glotti hann“. Jón er þó djúpvitrari en svo að hann beri sig saman við þann klóka foringja. Hefði hann gert það hefði hann verið tekinn til bæna á sama hátt og bandaríski demokratinn Dan Quayle lenti í þegar hann þar feril sinn saman við afrek Johns F. Kennedy. „Senator, you're no Jack Kennedy“, var þá sagt.

En aftur til Íslands og sunnudagskvöldsins eftir kosningar. Ingibjörg Sólrún telur tvo kosti standa Samfylkingunni til boða; „R-lista“ stjórn eða samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. „Það hefur aldrei truflað mig að vinna með Framsókn“, segir hún um fyrri möguleikann en „Framsókn og Vinstri grænir yrðu að grafa stríðsöxina“; í því lægi meginvandinn.

Og svo er það samvinna við Sjálfstæðisflokkinn. Þar eru fleiri um hituna. Egill



Hinn ungi Sigurður Kári Kristjánsson og lærimeistari hans, Geir H. Haarde fögnuðu ákaft strax og fyrstu tölur bárust.

Helgason greinir frá því að málsmetandi menn sem horfðu á Silfrið fyrr um daginn hafi sagt eitt og aðeins eitt um frammi-stöðu Ógmundar Jónssonar: „Þessi maður er á biðilsbuxunum til Sjálfstæðisflokksins.“ Steingrímur J. Játar að Vinstri grænir útiloki engan kost en ítrekar að stjórnarmyndanir snúist ekki aðeins um samlagningu og meirihluta á þingi: „Það er eitthvað til sem heitir málefni.“ Undir það geta allir hinir foringjarnir tekið og ekki síður hitt sem Guðjón Arnar bendir einnig á, að „það skeður nú fæst af því sem leiðir til einhverrar niðurstöðu hér fyrir framan vélarnar“. Til hvers er maður eiginlega að horfa á þetta? gætu sjónvarpsáhorfendur freistast til að hugsa.

En við viljum alltaf vita hvað gerist næst. Að því spyr Svanhildur Hólm Valsdóttir í lok umræðnanna. „Við förum heim að leggja okkur!“ mælir Steingrímur J. Sigfússon og þegar Geir H. Haarde er spurður hve lengi þeir Jón Sigurðsson þurfi að ræða saman um stöðu mála svarar hann skilmerkilega: „Ég bara veit það ekki.“ Hitt veit forsætisráðherra þó að tím-inn getur liðið hraðar en gert var ráð fyrir. „Við erum að verða of seinir til keppinautarins,“ heyrir Geir segja um leið og ljósinn dofna í myndveri Stöðvar 2.

Kl. 19:25. Þeir sem horfa á ríkisfjölmiðilinn fá að heyra að á foringjafundi hans verði leitað svara við því „hvað er að gerast á bak við tjöldin“. Sem fyrr er þó eitt að vilja og annað að geta. Leitið og þér munuð finna gildir ekki endilega um fréttamenn daginn eftir kosningar. Um 20 mín-

útum síðar eru flokksformennirnir búnir að koma sér fyrir í nýjum stólum undir nýjum ljósum fyrir framan nýja spyrta. Einhver áhrif hefur það þó haft. Geir H. Haarde segir núna að þeir Jón ætli að skoða stöðuna í „tvo til þrjú daga“ og þótt frekara samstarf komi fyllilega til greina verði ekki fram hjá því litid að ríkisstjórn með eins manns meirihluta þurfi að vera „ansi þétt“.

„Þétt“ er ekki orð sem kemur í hugann þegar fylgi Framsóknarflokks er annars vegar. Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir spyr Jón Sigurðsson hvort þeir framsóknarmenn hafi ekki lýst því yfir að þeir yrðu utan stjórnar ef þeir fengju jafnlitinn stuðning og raun bæri vitni. „Nei, það höfum við ekki sagt,“ útskýrir formaður Framsóknarflokksins núna fyrir Jóhönnu og okkur sem heima sitjum. Framsóknarmenn hefðu átt við að þeir myndu halda sér til hlés í hugsanlegum stjórnarmyndunarviðræðum. Hið væri allt annað ef stjórnarflokkarnir ákvæðu að halda samstarfi sínu áfram. Í kvöldfréttum útvarps höfðu þó verið rifjuð upp þau ummæli Guðna Ágústssonar nokkrum vikum fyrr „að kosningar snúast um trúnað og traust“ og fengi Framsóknarflokkur aðeins „sex til sjö þingmenn“ væri stjórnarsamstarfið úti. Mánudaginn fyrir kosningar hafði Jón sjálfur líka lýst yfir að yrðu lyktir kosninga í líkingu við það sem skoðanakannanir bentu þá til – um 10% fylgi eða minna – væri ljóst „að Framsóknarflokkurinn hefur ekki þann styrk sem nauðsynlegur er til stjórnarsetu og aðrir

flokkar tækju þá við stjórn landsmála“. En kannski þau 11,7% sem flokkurinn þó náði þyki allt annað en 10%.

Svo eru stjórnmalamenn jú stjórnsæknir; annars hétu þeir ekki stjórnmalamenn „Ég held að það sé dálítið af pókerandlitum í kringum mig,“ segir Ómar Ragnars-son undir lok umræðnanna í sjónvarpssal „Pókerandlit?“ kveður Ingibjörg Sólrún þá við. „Erum við ekki öll bara svo dofin? Þótt flokksleiðtogarnir sex láti engan bil bug á sér finna hljóta þeir að vera orðnir örmagna. Senn er sólarhringur síðan fyrstu kosningatölur bárust kvöldið áður og flestir eða allir þeirra hafa verið önn um kafnir síðan, að svara fréttamönnum heyrta hljóðið í öðrum stjórnmalamönnum og leggja á ráðin með félagunum. Eflaus heldur sá leikur áfram fram eftir kvöldi.“

En svona liðu þá fyrstu 24 klukkustundirnar eftir alþingiskosningarnar 13. m. 2007. Þótt línur hefðu eitthvað skýrst væð ómögulegt að segja hvort ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sæ áfram eða einhver önnur tæki við. Virt sagnfræðingar hafa minnst á þann vanc við rannsóknir á liðinni tíð „að vita hve gerist næst“. Seinna verður eflaust hæð að komast að þeirri niðurstöðu að engir vafi hafi í raun leikið á því hvert stjórnarsamstarfið yrði að kosningum loknum. En um slíkt gat enginn fullyrt fyrsta sé arhringinn eftir þær. Þá vissi enginn hvgerðist næst – nema kannski Geir H. Haarde. ☐